

Bstj. 2. febrúar 2009

Borgarstjórn Reykjavíkur 2. febrúar 2010

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 2. febrúar árið 2010. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að taka til máls um fundarsköp.

Ólafur F. Magnússon [frammikall]: ja ég er nú fyrrverandi borgarstjóri.

Forseti: Ég bið borgarfulltrúann um að velja sér réttan sess.

Utan dagskrár

Ólafur F. Magnússon: Ég greinilega steig í pontu þar sem að ég taldi að mér bæri. Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hér hljóðs í upphafi fundar vegna fundarskapa, en það hefur gerst núna æ ofaní æ, meðal annars á síðasta borgarstjórnarfundum að það er beitt sérkennilegum aðferðum til að koma málum ekki á dagskrá með eðlilegum hætti. Á síðasta fundi flutti ég tillögu hér um vantraust á sitjandi borgarstjóra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og ég veit ekki betur, en samkvæmt öllum reglum um fundarsköp og áliti fjölda lögmannna sem hafa við mig rætt að þá átti þetta að vera fyrsti liður á dagskrá. En hvað var gert hér í sölum borgarstjórnar, tillögunni var ýtt aftur fyrir langloka umræðu um sóknaráætlun, þar sem einkum borgarfulltrúar sjálfstæðismenn skiptu varamönnum inná, héldu uppi málþófi í þrjár klukkustundir til þess að rök mín kæmu ekki fram í málinu. Síðan þegar að ég lagði fram bókun þá var hún þurrkuð út í heilu lagi. Var þó ýmislegt í þeirri bókun, bæði vel rökstutt og á engan hátt meiðyrði um sitjandi borgarstjóra og það hefði ef til vill verið nóg að þurrka út séra Hallgrím sem bókunin hófst á og ljóð eftir mig í lok bókunarinnar, en að þurrka bókunina út í heild er ekkert annað en hrein og bein valdníðsla. Og hér er starfað með allt, allt öðrum hætti heldur en tíðkaðist þegar að ég var borgarstjóri í Reykjavík.

Þegar ég var settur hér inn í embætti 24. janúar 2008, það var þvert á óskir mínar sem forseta borgarstjórnar var efnt til fundar hér sem var skipulagður, með sérstöku tilliti til skrúsláta sem Samfylkingin og Vinstri grænir efndu til hérna á pöllum. Ég mótmælti þessu við skrifstofustjóra borgarstjórnar fyrir fundinn og sagði: Að það tíðkaðist ekki við kjör borgarstjóra að það sé efnt til sérstakrar umræðu fyrir kjörið. Þetta var nú samt gert. Og ég ávítti embættismannakerfið í borginni fyrir það að láta aðra borgarstjóra en mig sífellt kúga sig til hlýðni. Ég hef aldrei beitt valdboði eða valdníðslu af þessu tagi við sitjandi starfsfólk borgarinnar og það þurfti aldrei að sæta neinum aðgerðum af þessu tagi þegar að ég var borgarstjóri. En ég endurtek að það er ólíðandi fyrir mig sem einstakling starfandi hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að sífellt sé snúið upp á hluti þannig, að það sé hægt að trufla málflutning minn, annað hvort að þurrka hann út eða efna til skrúsláta til að hann komist ekki að. Ég fékk ekki að flytja mína ræðu hér þegar að ég tók við starfi sem forseti og ég hlýt að gera alvarlega athugasemd við það

hvernig með markvissum hætti hefur verið reynt að stroka það út sem ég hef fram að færa hér í borgarstjórn, og elta mannorð mitt og fjölskyldu minnar með kerfisbundnum hætti, bæði þegar ég tók við starfi mínu sem borgarfulltrúi og var krafinn um vottorð, einn allra borgarfulltrúa í sögunni, þar sem að embættismannakerfið lét undan þrýstingi oddvita hundraðdaga meirihlutans um að brjóta á rétti mínum sem borgarfulltrúa og eðlilegum mannréttindum.

Og í kjölfarið hefur verið vegið þannig að málfrelsi mínu, tillögurétti og heiðri mínum með þeim hætti að ég átel það harðlega að þið sem stjórnid þessum fundi, forseti og skrifstofustjóri hlýðið alltaf valdboði sitjandi borgarstjóra sem beita valdníðslu.

Forseti: Má ég biðja borgarfulltrúa um að virða tímamörk sem veitt eru til þessarar umræðu, að virða ...

Ólafur F. Magnússon: Það er erfitt að virða nokkur mörk sem sett eru hér af því að hvar eru takmörkin í dónaskap og svívirðingum og ólögætum aðferðum sem hafa verið beitt gegn mér sem sitjandi borgarfulltrúa allt þetta kjörtímabil, forseti.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að ræða um fundarsköp. Forseti vill af þessu tilefni einungis segja það, að öll þau mál sem að eru á dagskrá borgarstjórnarfunda fá að sjálfsögðu lýðræðislega umræðu innan þeirra tímamarka sem að ákveðin eru í samþykktum um fundarsköp. Meira hef ég ekki um athugasemdir borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar að segja. Þá tókum við fyrir umræðuna um hjólreiðaáætlun fyrir Reykjavík, það er sbr. 11. liður fundargerðar borgarráðs frá 20. janúar. Þessu máli sem sagt var vísað til afgreiðslu borgarstjórnar á fundi borgarráðs 28. janúar sl. og til máls tekur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.